



## Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29. október 2018

Fundurinn hófst í Safnahúsinu á Egilsstöðum kl. 16:00.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur 2017

Niðurstaða rekstrarreiknings er tap að fjárhæð 5,4 millj. kr. Bókfærð húsaleiga í Safnahúsi er 5,8 millj. og varð því ekki tap af öðrum rekstri.

Ársreikningurinn samþykktur og undirritaður.

#### 2. Endurskoðunarskýrsla 2017

Skýrslan lögð fram og engar athugasemdir gerðar.

Héraðsskjalavörður undirritar staðfestingarblað stjórnenda til KPMG.

#### 3. Fjárhagsáætlun 2019

Gert er ráð fyrir að framlög aðildarsveitarfélaga verði tæpar 35 millj. kr. og hækki um 9,4 millj. kr. milli ára. Megin ástæðan er að starfsfólki á safninu fjölgar um 1 stöðugildi. Mun það hafa í för með sér um 6,2 millj. kr. hækkun á launum og launatengdum gjöldum. Launakostnaður í heild hækkar um 7,2 millj. sé tekið tillit til áætlaðra hækkana vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2019. Gert er ráð fyrir að aðrir kosnaðarliðir hækki svipað og verið hefur milli ára og að niðurstaða ársins verði sama upphæð á húsaleiga í Safnahúsi eða 5,8 millj. kr. tap.

Stjórn samþykkir að leggja áætlunina fyrir aðalfund safnsins og bókar ennfremur:

*Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga telur bryna þörf á að fjölga starfsfólki á Héraðsskjalasafninu um 1 stöðugildi. Mannekla á safninu hefur orðið þess valdandi að safnast hafa upp kassar með óskerðum afbendingum og skjölum. Með lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 var héraðsskjalasöfnum fengið aukid stjórnsluhlutverk en þar segir m.a.: „Héraðsskjalasafn skal hafa eftirlit með skjalavörslu þeirra aðila sem eru afbendingarskyldir um skjöl sín og önnur gögn til þess“. Aukin ráðgjöf til sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum, s.s. skóla og leikskóla, er því æskileg. Ný reglugerð um héraðsskjalasöfn er í smíðum í mennta- og menningarmálaráðuneyti og af drögum hennar er ljóst að ætlunin er að skilyrða rekstrarleysi héraðsskjalasafna við fagleg og rekstrarleg skilyrði í héraði. Einnig gera ný lög um persónuvernd auknar kröfur um skráningu og meðferð trúnaðarupplýsinga sem eru í vörslu safnsins. Því er mikilvægt að starfsfólki Héraðsskjalasafnsins fjölgi um eitt stöðugildi á árinu 2019.*



#### **4. Aðalfundur 2018**

Aðalfundurinn verður haldinn á Borgarfirði eystri mánudaginn 19. nóvember kl. 14.

#### **5. Stofnsamningur**

Héraðsskjalavörður leggur til breytingar á stofnsamningi vegna sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar. Einnig þarf að uppfæra upplýsingar um lög sem vísað er til í samningnum. Stjórn samþykkir breyttan samning sem verður lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.

#### **6. Ársskýrsla 2017**

Skýrslan lögð fram til kynningar.

#### **7. Önnur mál**

a. Skjalageymsla við Fagradalsbraut. Komið hafa í ljós gallar á húsnæðinu sem er notað sem aukaskjalageymsla. Formanni falið að hafa samband við húseiganda um úrbætur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:45.

Ólafur B. Valgeirsson [sign.]

Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign.]

Björn Hafþór Guðmundsson [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]